

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphirðugjald 18.631 kr. pr. sorptunnu.

Sorpeyðingargjald 30.395 kr. pr. fasteignanúmer.

3. gr.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpeyðingargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatta og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu sorphirðu- og sorpeyðingargjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Vogum nr. 78/2020.

Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 15. desember 2021.

F.h. Sveitarfélagsins Voga, 29. apríl 2022,

Daníel Arason forstöðumaður stjórnisýslu.

B-deild – Útgáfudagur: 19. maí 2022